

Hvað er góð háskólakennsla? Kennsluráðstefna KHA 2026



13:00 – Ráðstefnan sett

Áslaug Ásgeirsdóttir, rektor HA

13:10 - Kynning og opnun á Heimahöfn

Háskólakennslu

Heimahöfn Háskólakennslu er samansafn opinna, starfsþróunarnámskeiða á íslensku og ensku á netinu fyrir háskólakennara á Íslandi.

Guðrún Geirsdóttir Prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Helena Sigurðardóttir, kennsluráðgjafi við Háskólann á Akureyri, John Baird, kennsluráðgjafi við Háskólann í Reykjavík

13:30 Kynning á fyrirkomulagi ráðstefnu

13:40 - Hringborðsumræður – fyrri hluti

Borð 1 - Gervigreind og framtíð námsmats

Góð háskólakennsla á tímum gervigreindar: Að vernda gagnrýna hugsun

Hrefna Óskarsdóttir, Aðjúntk HA

Góð háskólakennsla þarf í auknum mæli að taka mið af því að gervigreind er orðin hluti af námsumhverfi nemenda. Þessi þróun skapar ný tækifæri til stuðnings við

nám en vekur jafnframt mikilvægar spurningar um gagnrýna hugsun, sjálfstæða dómgreind og djúpan skilning þegar tæknin tekur stærra hlutverk í vinnu nemenda. Í umræðu um gervigreind í námi hefur einkum verið bent á hættuna á hugrænni afhleðslu (e. cognitive offloading) þegar nemendur færa úrvinnslu og mat á upplýsingum yfir á tæknina. Þá hefur einnig verið fjallað um vitræna uppgjöf (e. cognitive surrender), þegar notandi treystir svörum kerfisins án þess að sannreyna þau eða glíma sjálfur við þá hugsun sem nám krefst. Jafnframt þarf að huga að skekkjum (e. bias) í gervigreind, bæði í kerfunum sjálfum og í samskiptum fólks við þau. Í erindinu verður fjallað um þessar áskoranir og færð rök fyrir því að góð háskólakennsla á tímum gervigreindar þurfi að byggjast á gervigreindarlæsi. Áhersla verður lögð á dæmi um kennsluhætti og námsmat sem styðja gagnrýna hugsun, ígrundun, sannprófun og ábyrga notkun gervigreindar í námi.

Nýtt landslag í námsmati: Gervigreind og ábyrg notkun

Guðlaug Hrönn Gunnarsdóttir, Aðjúntk HA

Tilgangur þessa verkefnis er að greina áhrif aukinnar notkunar gervigreindar á náms- og matsferla í háskólanámi, með áherslu á námsáfangar sem kenndir voru fyrir og eftir áramót. Á haustmisseri var kennt í verkefnamiðuðum áföngum án markvissrar fræðslu um gervigreind. Við móttöku verkefna komu fram skýr merki um óviðeigandi gervigreindarnotkun, þar á meðal óeðlilegt textaflæði, mjög lágar samsvörunartölur í Turnitin og heimildir sem reyndust tilbúnar og ekki rekjanlegar. Þessi niðurstaða vakti faglegt og siðferðilegt áhyggjuefni um áreiðanleika verkefnavinnu og hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt fræðilegt efni. Í kjölfarið var innleitt markvisst inngrip á vormisseri. Nemendur fengu skýrar leiðbeiningar um heimildavinnu og ábyrga gervigreindarnotkun og voru beðnir um að skila greinargerð með verkefnum sínum. Greinargerðin krefst upplýsingaskráningar um hvort gervigreind er notuð, hvaða forrit og skipanir eru notaðar, einnig í hvaða gagnasöfnum eru heimildir fundnar og um hvað fjalla þær í stuttu máli. Fyrstu niðurstöður benda til aukinnar meðvitundar nemenda um ábyrga notkun gervigreindar og meiri gagnsæis í vinnuferli þeirra. Þetta verkefni bendir til þess að gervigreind verði áfram hluti háskólanáms. Til að tryggja heiðarleika, gagnsæi og fræðilega hæfni nemenda er brýnt að þróa skýrar verklagsreglur og efla fræðslu um ábyrga og gagnrýna notkun gervigreindar.

Reflecting on Generative AI Use

Marcel Kyas, Lektor HR

The years of the pandemic and the increased use of generative artificial intelligence by students polarised the relationship between students and teachers. Schools direct a lot of effort towards securing assessments and assume that students will not study but will cheat to succeed. We propose student reflection to convince students that learning is in their best interest. Schools use reflective writing in education as a learning tool to build awareness and confidence. It encourages deeper engagement with the material. It strengthens critical thinking and problem-solving skills. In particular, we include guidance on using GenAI systems, critically assessing their output, and reflecting on what their use and capabilities imply for them and society's future.

Frá Excel prófi til ákvarðanatækni: Endurhönnun HAR2106 á tímum gervigreindar

Sigurjón Þórsson, Aðjúnt II HA

Í þessu erindi er kynnt endurhönnun á námskeiðinu HAR2106 Hagnýtar aðgerðarannsóknir við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri. Kennarar námskeiðsins unnu saman að því að endurhanna námskeiðið og var breytingin síðan borin undir Náms- og matsnefnd Viðskiptadeildarinnar og samþykkt þaðan, og tekur því breytingin gildi við upphaf skólaársins 2026-27.

Í þessu samhengi verður farið í gegnum helstu hvataþætti að baki endurhönnuninni. Tilfnið er breytt námsumhverfi, ný tækni og vaxandi þörf fyrir útskrifaða viðskiptafræðinga með kunnáttu í gagnadrifinni ákvarðanatöku í atvinnulífi.

Með þessari breytingu færist námskeiðið frá þeim punkti að vera hefðbundin og aðferðafræðimiðuð nálgun yfir í skýrari samþættingu bestunar, hermunar og spálíkana, ásamt markvissri innleiðingu á ábyrgri og siðferðislegri notkun gervigreindar sem eins af verkfærum námskeiðsins.

Námsmati er jafnframt breytt úr því að vera með megináherslu á lokapróf (70%) yfir í að vera meira verkefnamiðuð námskeið með smærra skriflegu prófi (20-30%) með því markmiði að meta útreikninga og rökstuðning.

Dregin eru fram lykilatriði í ferlinu sem geta nýst öðrum kennurum sem vinna að endurhönnun námskeiðum í tölulegum fögum á tímum tæknibreytinga.

Borð 2 - Kennsluhættir og nýjar aðferðir

Rethinking Hybrid Teaching: Experiences from a 2 ECTS

Undergraduate Course

Jette Jörgensen Mebrouk, Assistant Professor HA

Over the past four years, the 2 ECTS course Fundamentals of Qualitative Research Methodologies has undergone significant transformation in response to evolving pedagogical needs, student feedback, and emerging challenges in higher education. It was originally delivered as a hybrid course, with on campus students attending classroom based lectures while off campus students joined through a Zoom link.

Lectures were recorded and made available for those unable to attend.

Since then, the course has progressively developed into a flexible blended learning format that integrates guided self learning modules, synchronous online review sessions, and interactive online Journal Clubs. Together, these components create a learning environment that supports both independent exploration and structured academic dialogue.

Throughout its development, the course has been continually refined through systematic student evaluations, academic oversight, and reflective teaching practice. Particular emphasis has been placed on maintaining assessment integrity amid growing concerns about the inappropriate use of AI tools in academic work.

This presentation will provide an overview of the course's pedagogical journey, highlight the rationale behind key design choices, and offer insights into how iterative development, grounded in feedback, transparency, and technological awareness, aims to strengthen teaching quality in qualitative research education.

„Við þurfum að skilja efnið til að geta útskýrt það“ Hlaðvörp sem kennsluaðferð – reynsla úr tveimur námskeiðum

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, Lektor HA

Á síðustu árum hefur aukin áhersla verið lögð á virka þátttöku nemenda og fjölbreyttari kennsluaðferðir í háskólum. Í þessu erindi verður fjallað um notkun

hlaðvarpsverkefna sem kennsluaðferð í tveimur námskeiðum, annars vegar á fyrsta ári og hins vegar á þriðja ári. Nemendur unnu í hópum að gerð hlaðvarps þar sem þeir útskýrðu og ræddu fræðilegt efni námskeiðsins á skapandi og aðgengilegan hátt og tengdu við dæmi úr íslenskum raunveruleika.

Til að meta reynslu nemenda var framkvæmd rýnihóparannsókn þar sem nemendur ræddu upplifun sína af verkefninu, lærdómi og framkvæmd þess. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til jákvæðrar upplifunar. Nemendur lýstu verkefninu sem áhugaverðu og lærdómsríku og töldu að vinna við að útskýra efnið í hlaðvarpsformi hefði hjálpað þeim að ná betri tökum á námsefninu og dýpka skilning sinn. Niðurstöður benda einnig til að skýr og nákvæm verkefnislýsing sé lykilatriði fyrir árangur slíkra verkefna. Í námskeiðum á fyrsta ári kom jafnframt fram að verkefnið stuðlaði að tengslamyndun milli nemenda. Nemendur mæltu eindregið með áframhaldandi notkun slíkra verkefna í kennslu.

Nýjar forsendur í háskólakennslu

Hjördís Sigursteinsdóttir, Dósent HA

Háskólakennsla hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum, einkum vegna tæknivæðingar, alþjóðavæðingar og aukinnar áherslu á nemendamiðað nám. Í erindinu verður fjallað um breyttar kennsluaðferðir í grunnnámskeiðum þar sem hefðbundin kennsla og verkefni hafa vikið fyrir blönduðum kennsluháttum í því augnamiði að ná til og virkja betur nemendur sem eru í langflestum tilvikum ekki á staðnum. Í því felst einnig áskorun í að búa til nemendasamfélag í skýinu. Í námskeiðunum er mikið lagt upp úr að nemendur beiti margvíslegum aðferðum við verkefnavinnuna þar sem sköpunargáfan fær að njóta sín en þó einnig lögð áhersla á fræðileg vinnubrögð. Leitast er við að nálgast nemendur út frá þeirra aðstæðum og beitt margvíslegum leiðum til að ná til nemenda. Þar ber t.d. að nefna hlaðvörp með samtölum við fólk úr atvinnulífinu um námsefnið og hagnýtum verkefnum. Erindið mun undirstrika hvernig má með breyttum kennsluháttum bæta námsupplifun nemenda og þróa kennslumenningu til framtíðar sem nær til fjölbreyttra nemendahópa.

The power of attendance: "I am different kind of person after this assignment"

Inga Minelgaite, Professor HÍ

Students' attendance is crucial for individual learning (Boud, Cohen, & Sampson, 2014; Freeman et al., 2014). Engaging students requires attention to both what we teach and how we teach it: teachers should ignite intrinsic motivation and personal growth through student-centred methods that emphasize active experience and reflection (Weimer, 2002; Kolb & Kolb, 2005; Trigwell, 2012). Socio-cultural and humanistic perspectives highlight the importance of a growth mindset to encourage questioning and application of ideas, which deepens understanding and increases motivation (Dweck, 2017). In an overstimulated environment of constant distractions, it becomes the educator's responsibility to design content, format, and approaches that maximize attendance and engagement and help students appreciate the broader value of their studies (Ambrose et al., 2010; Fink, 2013).

This presentation shares good practice through a case of a "Leader's Development" diary. The assignment, introduced to Master level students at University of Iceland, aimed to increase students' attendance, active listening, engagement, cooperation, application/testing, and deep reflection. The assignment's suitability for culturally diverse cohorts and lessons learned will be discussed too in this presentation.

Borð 3 - Virkt nám og tenging við raunveruleikann

From Participants to Observers to Theorists: Teaching Social Psychology through Economic Games and Guided Observation

Mehmet Harma, Professor HA

Teaching core social psychology concepts such as cooperation, trust, fairness, and social dilemmas often fails when these ideas remain abstract. This presentation will introduce a structured three-stage approach grounded in the situated learning theory (Lave & Wenger, 1991). In this course architecture, first, students would participate in a series of economic games (i.e., the Dictator Game, Trust Game, Prisoner's Dilemma, and Public Goods Game) using gamification principles. Those principles

include a lottery-based incentive mechanism, to make decisions consequential and engagement genuine (Camerer & Hogarth, 1999). Students directly experience social dilemmas and generate behavioral data for discussion in class (Fehr & Gächter, 2002). Second, guided observation assignments target to develop students' capacity to systematically observe everyday social interactions. Third, students would be asked to interpret both experiences through social psychological theory, moving from description to analysis (Kolb & Kolb, 2005). This replicable model suits any course where behavioral concepts risk remaining abstract across psychology, education, nursing, or management. I will also discuss design rationale and implementation considerations in the presentation.

Bridging Theory and Practice: A Hands-On Assignment to Make Developmental Theories Tangible

Hilal Sen, Associate Professor HA

Introductory courses in higher education often rely on lecture-based instruction to cover foundational theories, leaving little room for students to actively engage with and critically evaluate the material. In this talk, I will present a course assignment designed to bridge the gap between theoretical knowledge and real-world application in a developmental psychology course. In this assignment, students observe one or two children, administer Piagetian tasks, and analyze their observations through the lens of Piaget's cognitive development theory and alternative theoretical perspectives. This exercise encourages students to move beyond passive reception of content and engage in first-hand theory-testing and critical reflection. In this talk, I will also address a practical challenge increasingly faced in higher education: the use of AI-generated submissions. The assignment was intentionally designed to incorporate features that reduce AI-related academic integrity concerns while preserving its core pedagogical value. Taken together, I will discuss the rationale behind the assignment, its structural design, and the broader argument that hands-on, application-based tasks can meaningfully deepen students' understanding of complex theories — even in lecture-heavy, introductory courses.

Vettvangsferðir í námi og málstofur, erlendis og hérlandis, og mikilvægi þeirra

Magnús Víðisson, Aðjúntk HA

Vettvangsferðir og málstofur eru mikilvægir þættir í náminu þar sem þær tengja saman nám og starfsemi í geiranum. Í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri hafa nemendur farið í vettvangsferðir í tengslum við ákveðin námskeið. Í slíkum ferðum fá nemendur tækifæri til að heimsækja fyrirtæki og stofnanir tengdar sjávarútvegi, kynnast starfsemi þeirra og ræða við sérfræðinga í greininni. Þannig öðlast nemendur betri skilning á því hvernig fræðileg þekking nýtist í atvinnulífinu. Einnig hafa í gegnum tíðina verið haldnar málstofur með sérfræðingum, sem er eitthvað sem við viljum auka.

Auk vettvangsferða í náumhverfinu hafa nemendur einnig haft tækifæri til að fara í fræðsluferðir erlendis. Frá árinu 2022 hafa nemendur tvisvar sinnum farið í heimsókn til Tromsø í Noregi. Þar hafa þau heimsótt Háskólann í Tromsø, sem býður upp á nám sem svipar til sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri. Einnig hafa nemendur farið í fyrirtækjaheimsóknir þar. Slíkar heimsóknir skapa tækifæri til að kynnast öðru námsumhverfi, bera saman kennsluhætti og mynda tengsl við iðnaðinn erlendis.

Í þessum stutta fyrirlestri ætla ég að fjalla um hvað við í sjávarútvegfræðinni höfum verið að gera og hvað við viljum gera til að efla tengsl námsins og iðnaðarins.

Hönd í hönd - tungumál og húmor

Ingibjörg Sigurðardóttir, Aðjúntk HA

Tungumál eru í eðli sínu menningarleg fyrirbæri og sem slík miðla þau viðteknum hefðum, gildum og þekkingu innan hver samfélags. Þess vegna snýst tungumálanám ekki einungis um tileinkun orðaforða og málfræði heldur ekki síst að skilja menningarlegar vísanir og félagslegar reglur sem móta málnotkun. Í erindinu verður fjallað um hvernig húmor getur verið markvisst kennslutæki í íslensku sem öðru máli. Mikilvægt atriði í þessu samhengi er hvernig húmor getur virkað sem ísbrjótur, dregið úr kvíða og hvatt nemendur til virkrar þátttöku og skapandi málnotkunar. Með dæmum úr eigin kennslu mun ég ræða hvernig orðaleikir, tungubrjótar og gamansöm myndskeið, geta nýst til að æfa hlustun, tal, orðaforða og menningarlæsi á lifandi og gagnvirkan hátt. Að lokum verður fjallað um hlutverkaleiki og sketsa þar sem nemendur skrifa sjálfir myndatexta eða handrit að samtali á spaugilegum nótum og æfa þannig talmál og samskiptahæfni.

14:40 - Hlé

15:00 – Erindi frá stúdentum Háskólans á Akureyri

Aðalbjörn Jóhannesson, forseti SHA

15:15 - Hringborðsumræður – seinni hluti

Borð 4 - Námsmat, gæði og akademísk vinnubrögð

Undirbúningur fyrir munnleg próf: getur æfingapróf dregið úr kvíða nemenda?

Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir, Aðjúnt HA

Munnleg próf hafa í auknum mæli verið rædd sem fjölbreytt og raunhæft námsmatsform í háskólum. Rannsóknir benda þó til þess að slíkt prófform geti valdið nemendum kvíða, meðal annars vegna óvissu um framkvæmd prófsins og þess að þurfa að svara spurningum upphátt í samtali við kennara. Kvíði getur einnig tengst takmarkaðri reynslu nemenda af slíku prófformi þar sem munnleg próf eru tiltölulega sjaldgæf í háskólanámi. Í erindinu er fjallað um tilraun með æfingapróf sem ætlað var að styðja nemendur í undirbúningi fyrir munnlegt lokapróf og draga úr prófkvíða.

Munnlegt lokapróf hefur verið notað sem námsmatsform í námskeiði við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri undanfarin þrjú ár. Haustið 2025 var í fyrsta sinn boðið upp á valfrjálst æfingapróf vikuna fyrir lokaprófið þar sem nemendur gátu kynnst prófforminu og æft sig í að svara spurningum upphátt. Niðurstöður könnunar meðal nemenda benda til þess að helstu kvíðavaldar tengdust óvissu um hvernig spurt yrði út í efnið, takmörkuðum tíma til að hugsa áður en svarað er og líkamlegum einkennum kvíða. Nemendur sem tóku þátt í æfingaprófinu töldu í flestum tilvikum að það hefði dregið úr kvíða þeirra fyrir lokaprófið.

Viðmið um skiptingu kennslueininga innan námskeiða til að tryggja jafnræði og gæði

Gísli Kort Kristófersson, Prófessor HA. Meðhöfundur: Hafdís Skúladóttir deildarforseti hjúkrunarfræðideildar

Hverju námskeiði er úthlutað ákveðnum kennslueiningum byggt á flokkun námskeiðs og fjölda nemenda. Kennurum námskeiðs er svo greitt eftir þessum kennslueiningum. Umsjónarkennara er nokkuð frjálst hvernig hann deilir þessum einingum innan síns námskeiðs sem getur valdið ýmiskonar ósætti og ójafnræði og getur haft bein áhrif á gæði námskeiðs.

Skólaárið 2025-2026 réðst hjúkrunarfræðideild HA í þá vinnu að búa til viðmið um það hvernig kennslueiningum væri skipt innan námskeiða deildarinnar. Í þessu erindi kynnum við niðurstöðu þessarar vinnu og hvernig hægt er að byggja á henni til að tryggja jafnræði í skiptingu kennslueininga milli ólíkra námskeiða og gæði kennslu. Þar með talið tryggja svigrúm til ólíkra kennsluhátta og fjölbreytts námsmats á tímum gervigreindar.

Gullbrá og lýsitölurnar þrjár: Um mikilvægi greinandi námsmats í háskólakennslu

Árni Gunnar Ásgeirsson, Dósent HA

Ein af frumskyldum háskólakennara er að mæla þekkingu, færni og leikni stúdenta með sanngjörnu og viðeigandi námsmati. Til að námsmat uppfylli þessi skilyrði þarf það að vera í samræmi við hæfniviðmið og áherslur námskeiðs, en líka að vera greinandi. Námsmat sem ekki greinir stigsmun á hæfni stúdenta hefur ýmsar siðferðilegar og praktískar afleiðingar, bæði gagnvart samfélaginu og stúdentum. Í erindinu verður farið yfir kosti greinandi námsmats og neikvæðar afleiðingar einkunnasamþjöppunar. Hermanir verða notaðar til að bera saman greinandi og samþjappaða einkunnagjöf og hvernig framsetning einkunnakvarða opinberu háskólanna getur ýkt þennan mun. Fjallað verður um leiðir til að auka einkunnadreifingu á áreiðanlegan og sanngjarnan hátt, auk þess sem færð verða rök fyrir "Gullbrár-svæði" sem markast af bilum æskilegra meðaleinkunna og staðalfrávika einkunna. Þegar háskólakennara tekst að hitta á Gullbrár-svæðið, er næstum öruggt að námsmat sé nægilega greinandi.

Vinnubrögð og gæði við leiðbeiningu lokaritgerða

Sunna Símonardóttir, lektor HA

Leiðbeining lokaritgerða er mikilvægur þáttur í háskólanámi og hefur bæði áhrif á námsárangur nemenda og gæði rannsóknarvinnu þeirra. Markmið þessa erindis er að varpa ljósi á helstu vinnubrögð við leiðbeiningu lokaritgerða og ræða hvaða þættir stuðla að góðum gæðum í leiðbeiningarferlinu. Sérstök áhersla er lögð á skýra verkaskiptingu, reglubundin samskipti og markvissa endurgjöf sem styður sjálfstæði og fræðilega færni nemenda. Í erindinu verður fjallað um reynslu og dæmi úr leiðbeiningarferli þar sem lögð er áhersla á skipulag verkefnisins frá upphafi til loka, meðal annars með skýrum tímalínum, áfangaskilum og gagnsæjum væntingum. Einnig verður rætt hvernig leiðbeinendur geta stuðlað að uppbyggilegri endurgjöf, aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi og skilvirkri framvindu verkefna. Niðurstöður benda til þess að skýr rammi utan um leiðbeiningarferlið, reglulegir fundir og vel útfærð skrifleg endurgjöf geti aukið bæði gæði ritgerða og ánægju nemenda með ferlið. Jafnframt er bent á mikilvægi þess að þróa sameiginleg viðmið og góðar starfsvenjur meðal leiðbeinenda. Erindið getur nýst kennurum og leiðbeinendum sem vilja efla fagleg vinnubrögð í leiðbeiningu lokaritgerða og stuðla að auknum gæðum í lokaverkefnum nemenda.

Borð 5 - Námssamfélag og þátttaka nemenda

Námssamfélag í háskóla: Að tilheyra

Hólmídis Freyja Methúsalemsdóttir, Aðjúntk HA. Meðhöfundar: Sonja Stelly Gústafsdóttir, Hulda Þórey Gísladóttir og Hafdís Hrönn Pétursdóttir

Að tilheyra námsamfélagi er mikilvægur hluti farsæls háskólanáms og á það sérstaklega við ef um er að ræða blandaða/sveigjanlega háskólakennslu. Í stefnu Háskólans á Akureyri til 2030 kemur fram að háskólinn vilji skapa fjölbreytt samfélag þar sem öll (jafnt nemendur sem starfsfólk) tilheyra og auðga náms- og starfsumhverfi skólans. Samkvæmt könnun opinberu háskólanna 2025 eru nemendur almennt ánægðir með gæði námsins við Háskólann á Akureyri (HA) en

aðeins um 50% þeirra telja að þeir séu hluti af samfélagi starfsfólks og nemenda. Iðjupjálfunarfræðideild hefur í gegnum árin lagt áherslu á að byggja upp gott námssamfélag og nemendur deildarinnar (67% árið 2025) virðast upplifa sterkari hlutdeild í námssamfélaginu en meðaltalið innan HA. Það er þó engu að síður svigrúm til úrbóta og rannsóknarhópur innan Iðjupjálfunarfræðideildar hefur hafið verkefni sem snýr að því efla námssamfélagið. Markmiðið er meðal annars að fá fram upplifun og reynslu nemenda af námssamfélaginu, hvað þeir telji að námssamfélag feli í sér og hvernig megi styrkja það og efla.

Námssamfélag í háskóla: Þróun á samstarfsvettvangi fyrir nemendur

Sonja Stelly Gústafsdóttir, Lektor HA. Meðhöfundar: Hólmíðs F.

Methúsalemsdóttir, Hulda Þórey Gísladóttir og Hafdís Hrönn

Gott námssamfélag felur m.a. í sér námsumhverfi sem er styðjandi, fjölbreytt og þar sem öll tilheyra. Háskólinn á Akureyri (HA) býður upp á sveigjanlegt eða blandað grunnnám með lotuvikum á háskólasvæðinu sem skapar bæði tækifæri og áskoranir við að byggja upp og viðhalda árangursríku námssamfélagi. Niðurstöður opinberrar könnunar benda til að rúmlega 50% nemenda í grunnnámi HA telja sig tilheyra samfélagi skólans. Í sjálfsmatsskýrslu Iðjupjálfunarfræðideildar HA árið 2023 kom fram ósk nemenda á vettvangi þar sem þeir geta komið saman og stutt hvern annan í gegnum námið. Almennt fá nemendur HA kynningu á kennslukerfinu Canvas á nýnemadögum, þeir fá hins vegar takmarkaðan aðgang og kynningu á verkfærum Microsoft eins og t.d. Teams sem var m.a. sérstaklega hannað til að efla samskipti og samvinnu. Haustið 2025 hófst því þróunarverkefni þar sem sérstakt Teams svæði var stofnað fyrir nemendur á 1. ári í Iðjupjálfunarfræði auk þess sem gert er ráð fyrir kennslu og æfingum í notkun Teams í lotum út námstímann. Árleg rýnihópasamtöl við nemendurna munu fara fram til að safna upplýsingum um gang mála, geta brugðist við og betur mætt þörfum þeirra við að skapa námsumhverfi þar sem öll tilheyra

„Kæra dagbók“: Færslur auka fjölmiðlalæsi

Guðbjörg Hildur Kolbeins, Dósent HA

Í gegnum tíðina hafa kennarar í hinum ýmsu námskeiðum nýtt dagbókarfærslur sem námsmat; til að mynda í námskeiðum í jákvæðri sálfræði. Dagbækur geta hins vegar einnig verið gagnlegar til að auka fjölmiðlalæsi nemenda.

Haustið 2023 var bryddað upp á þeirri nýjung í inngangsnámskeiði í fjölmiðlafræði að gefa nemendum kost á að skila vikulegum dagbókarfærslum þar sem þeir ræða eigin neyslu á fjölmiðlum og samfélagsmiðlum og hvaða áhrif fjölmiðla- og samfélagsmiðlanotkun þeirra hefur haft á þá. Þessi aðferð hefur reynst afar vel til að gera nemendur gagnrýnni á fjölmiðla og samfélagsmiðla, og yfirleitt setja nemendur sér það markmið, fljótlega eftir að dagbókarskrifin hefjast, að stemma stigu við samfélagsmiðlanotkuninni.

Í erindinu verður rætt um hvernig til hefur tekist í þau þrjú skipti sem þetta kennslumat hefur verið við lýði í námskeiðinu og hvaða áskoranir geti fylgt því, t.d. hvort gefa eigi einkunn – en horfið var frá því eftir fyrsta árið.

Er unnt að ná viðmiðum um þekkingu og leikni nemenda í samskipta- og tengslafærni einungis með aðferðum fjarkennslu?

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, Aðjúnkt HA

Nútímalærdómssamfélag hefur tekið skörpum breytingum á síðustu árum. Ekki síst fyrir tilstuðlan heimsfaraldurs COVID-19 sem gerði háskólum að færa alla sína kennslu yfir í fjarkennslu og með tilkomu gervigreindar sem hefur veitt bæði kennurum og nemendum mikilvægan stuðning í krefjandi námsumhverfi. Að koma á og viðhalda tengslum milli kennara og nemenda getur verið áskorun við þessar breyttu aðstæður. Nemendur kalla eftir fjarnámi og sækja staðlotur æ dræmar. Í nýlegu námskeiði, sem höfundur hafði umsjón með ásamt öðrum kennara og hefur að markmiði að efla samskiptafærni nemenda í heilbrigðisvísindum, hitti höfundur nemendur aldrei í persónu, einungis á netinu. Þó er það svo að samskiptafærni, ásamt aðlögunarhæfni, er álitin einn mikilvægasti færniþáttur starfsfólks framtíðarinnar; sér í lagi í störfum þar sem unnið er í samstarfi með öðru fólki við að mæta þörfum skjólstæðinga.

Í erindinu verður annars vegar leitast við að draga fram tenginguna á milli kennslu og hjúkrunar sem grundvallast á því að kennarar líkt og hjúkrunarfræðingar eru sjálf aðalmeðferðartækið sem þau nýta til koma á og viðhalda tengslum við skjólstæðinga sína og nemendur. Hins vegar verður sýnt fram á með hvaða hætti unnt er að efla

þekkingu og leikni nemenda í heilbrigðisvísindum í samskiptafærni með þeim leiðum sem fjarkennslan skapar.

Borð 6 - Sérhæfð kennsla og fagleg þróun

Hvernig kennum við forgangsakstur

Hlynur Gíslason, Lögreglufulltrúi MSL

Ég ætla að fjalla um hvernig við í MSL kennum lögreglunemum forgangsakstur eða AMF (akstur með forgangi) eins og við köllum það.

Markmið kennslu í AMF er að dýpka skilning starfandi lögreglumanna á þeirri ábyrgð sem fylgir akstri með forgangi (AMF) og áhrifum hans á umhverfið og aðra vegfarendur. Kennslan miðar að því að auka hæfni lögreglumanna í AMF og gera þá færa um að aka eftir hugmyndafræði AMF og auka vitund þeirra á mikilvægi þess að þeir tileinki sér hana við störf sín. Þá skal og stefnt að því að lögreglumenn öðlist aukinn skilning á akstri og umferð, fái aukna þekkingu á bifreiðum, aukna hæfni til aksturs og minnki líkur á óhöppum.

Ég mun fara yfir það hvernig kennslan er byggð upp, fyrirlestrar í upptöku, í stofu og verklega kennslu í umferð og á lokaðri braut. Þá mun ég fara yfir hvað við höfum lært og breytt hjá okkur síðustu ár í þessari kennslu.

Sýnileg samvinna með tólum atvinnulífsins: PR-vinnulag og gagnsær ferlar í verkefnadrifinni verkfræðikennslu

Helga Ingimundardóttir, Lektor HÍ

Á tímum þar sem háskólar leita leiða til að efla gagnsæi, ábyrgð og fagmennsku í námsmati geta vinnulag og tól úr atvinnulífinu skapað ný, áhrifarík tækifæri í kennslu. Fjallað verður um hvernig innleiðing pull-request (PR) vinnulags, GitHub Classroom og samfellds, endurtekens vinnuferils hefur breytt verkefnadrifinni kennslu í tveimur námskeiðum í upplýsingaverkfræði og viðskiptagreind við Háskóla Íslands.

PR-miðað mat gerir samvinnu nemenda sýnilega á öllum stigum: rökstuðning, jafningjarýni, viðbrögð við endurgjöf, ábyrgð á gögnum og skipulagða afhendingu. Með því að festa endurgjöf við PR-þræði flytjast athugasemdir og umbótakröfur milli

lota, sem skapar samfellu, dýpri ígrundun og réttlátara námsmat. Nemendur æfa þannig vinnubrögð sem tíðkast í atvinnulífi, þar á meðal útgáfustýringu, samvinnudrifna greiningu og faglega framsetningu gagna og niðurstaðna. Reynsla úr námskeiðunum sýnir aukna þátttöku, sterkari teymisvinnu, minni laumufarþegavanda og rýmri skilning á fagmennsku í samskiptum við ytri samstarfsaðila. Kennarar fá jafnframt skýrari innsýn í einstaklingsframlög og verja minni tíma í lokaúrvinnslu. Samspil gagnsæis, ábyrgðar og raunhæfs vinnulags varpar þannig ljósi á hvernig kennsluaðferðir sem byggja á skýrum, endurteknum ferlum og traustri endurgjöf geta styrkt það sem telst góð háskólakennsla.

Tækifæri í háskólatengdri sjávarútvegsmenntun

Hreiðar Þór Valtýsson, Dósent HA

Nýlega koma út skýrsla um vandamál Hafrannsóknastofnunarinnar. Færa mætti rök fyrir því að hún sé mikilvægasta stofnun Íslands því Íslendingar veiða mun meira af fisk en allar aðrar sjálfstæðar þjóðir í heimi, ef miðað er við mannfjölda. Þar erum við einfaldlega best í heimi og þetta er auðvitað ein stærsta undirstaða Íslenska atvinnulífs. Meginvandamálunum er þó að haftengdri menntun hefur verið illa sinnt, það vantar fólk. Það eru til góðar undantekningar sem flestar eru reknar af fámönnum hóp áhugasamra aðila og hefur HA hefur komið að nokkrum þeirra. En stærsta vandamálið núna er að mjög fáir Íslendingar fara í háskólanám tengt fiski-eða haffræði. Áhuginn er hvorki til staðar hjá ungi fólki eða HÍ, sem er eini háskólinn sem gæti sinnt þessu að svo stöddu. Við sem þjóð leggjum nánast enga áherslu á að mennta fólk til að skilja hafið og lífverur þess. Þetta er eitthvað öfugsnúið. Þetta er svona „hægt og hljótt“ vandamál sem margir eru búnir að sjá versna smá saman, en nær ekki alveg eyrum ráðamenna því yfirleitt reddast hlutir og ekki er augljóst hvar ábyrgðin liggur. Gengur það til lengdar? En ég er með lausnina og hún verður kynnt hér, en hún kostar auðvitað peninga.

Frá hugmynd að fullkláruðu verki: Að gefa út bók sem ætluð er til kennslu á háskólastigi

Guðmundur Oddsson, Prófessor HA

Á dögunum kom út kennslubókin *The Power of Sociology: Grasping Our Unequal World* eftir Guðmund Oddsson, Jenny M. Stuber og James M. Thomas á vegum

SAGE háskólaútgáfunnar. Um er að ræða inngangsbók í félagsfræði fyrir háskólanema sem leggur sérstaka áherslu á félagslegan ójöfnuð, alþjóðlegan samanburð og samfélagsvirkni. The Power of Sociology kom út sem kilja, rafbók og í stafræna lærdómsumshverfinu SAGE Vantage sem býður upp á ýmsa valkosti á borð glósur, myndbönd og hljóðbókaspilara sem leyfir lesendum að hlusta á bókina. Sjaldgæft er að Íslendingar skrifi og gefi út kennslubækur á háskólastigi á erlendri grundu og í erindi sínu mun Guðmundur Oddsson fjalla um tækifærin og áskoranirnar sem felast í slíkri vegferð. Í erindinu verður stiklað á stóru um efni bókarinnar og staldrað við þau mörgu fræðilegu, kennslufræðilegu og hagnýtu horn sem höfundar þurftu að líta í á leiðinni að útgáfu bókarinnar.

16:15 – Lokaorð